

Skólanámskrá Rauðaborgar



Gleði-virðing-sjálfsfelling

Efnisyfirlit

1.	Leikskólinn Rauðaborg.....	4
1.2	Einkunnarorð leikskólans	4
2.	Hugmyndafræði og sýn leikskólans	5
2.1	Uppeldisfræðileg stefna.....	5
2.2	Grunnpættir menntunar	6
2.3	Barnasáttmálinn.....	6
3.	Starfspættir og leiðir.....	8
3.1	Hlutverk kennara	8
3.2	Frjáls leikur	9
3.3	Hópastarf.....	10
3.4	Vettvangsferðir	11
3.5	Þátttaka barna	12
3.6	Stjórnun	12
4.	Námssvið Aðalnámskrár leikskóla.....	13
4.1	Læsi.....	13
4.2	Heilbrigði og velferð	14
		14
4.3	Sjálfbærni	15
4.4	Lýðræði og mannréttindi	16
4.5	Jafnrétti	16
4.6	Sköpun.....	16
5.	Leikurinn sem námsleið.....	18
6.	Mat á námi og velferð barna.....	19
6.1	Sérkennsla	20
7.	Fjölskyldan og leikskólinn	21
8.	Tengsl skólastiga	23
9.	Samstarfsaðilar.....	24
10.	Mat á skólastarfi	26
10.1	Innra mat	26
10.2	Ytra mat.....	27
10.3	Mat á leikskólastarfi	27

Inngangur

Leikskólar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er fyrir nemendur undir skólaskyldualdri. Samkvæmt lögum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í leikskólastarfi.

Aðalnámskrá leikskóla var uppfærð 2023 og starfa leikskólar eftir henni. Aðalnámskrá leikskóla er stefnumótandi og lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem á við um allt leikskólastarf. Aðalnámskráin tryggir einnig jafnrétti allra barna til uppeldis og menntunar í leikskólum.

Skólanámskrá Rauðaborgar er unnin út frá hugmyndum og tillögum starfsfólks, en stjórnendur sáu um að setja hana saman. Námskráin er skjal sem allir eiga að hafa aðgang að, hvort sem eru kennarar, foreldrar eða börn og sú aðkoma er gríðarlega mikilvæg. Í byrjun leikskólagöngu barns koma foreldrar í foreldraviðtal þar sem þeir eru meðal annars spurðir út í væntingar sínar til leikskólans og hvaða þekkingu þeir vilji að barnið sitt öðlist. Svör foreldra eru ýmis konar en aðallega að barni líði vel, þroskist og dafni og eignist vini. Einnig eru börn spurð út í það hvað þau vilja læra í leikskólanum og svörin eru helst þau að eignast vini og leika sér. Starfsfólk leikskólans tekur þátt í að móta leikskólastarfið og grunnurinn að því er að barnið finni fyrir öryggi, líði vel, eignist vini, þroskist og læri á lífið.

Þegar kemur að mótun skólanámskrárinnar verður tekið mið af öllum þeim þáttum sem hafa verið nefndir hér að ofan. Aðkoma barna, foreldra og kennara að námskránni skal alltaf vera í þróun og nýjungar sem umhverfið býður uppá teknar inn. Það skal einnig ríkja virk hlustun í starfinu til þess að framkvæmd endurmats verði á sem árangursríkasta hátt með aðkomu barna, starfsfólks og foreldra.

Að lokum fær foreldraráð það hlutverk að koma með tillögur varðandi starfið á meðan á námskrárvinnu stendur.

1. Leikskólinn Rauðaborg

Leikskólinn Rauðaborg tók til starfa í febrúar 1994. Rauðaborg er í Seláshverfi þar sem stutt er í náttúruna, s.s. Elliðaárdal og Rauðavatn og skóginn þar í kring. Leikskólinn var byggður eftir hugmyndafræði um opin rými og eru gluggaveggir á milli rýma. Hver heimastofa er lítil, en allar deildir hafa meira rými til afnota og segja má að hvert pláss í húsinu sé nýtt í leik og starfi, enda er mikil samvinna á milli deilda í Rauðaborg. Deildirnar eru þrjár og heita Hreiður, Lyng og Lauf og alls er leyfi fyrir 58 börn samtímis í Rauðaborg. Starfsmannahópurinn samanstendur af u.þ.b. 18 starfsmönnum, en það er þó mismunandi milli ára og fer aðallega eftir samsetningu og aldri barnahópsins hverju sinni.



1.2 Einkunnarorð leikskólans



Einkunnarorð leikskólans eru **gleði, virðing, sjálfsefning.**

Gildin voru ákveðin af starfsmannahópnum og eru höfð að leiðarljósi í starfinu í leikskólanum. Gildin eru skýr, þau styðja við áherslur leikskólans og eru eðlileg þannig að allt starfsfólk á auðvelt með að vinna með þau.

Gleði: Áhersla er lögð á að einstaklingar njóti sín í leikskólanum, dafni og finni fyrir gleði. Gleðin veitir okkur jákvæða hugsun og auðveldar okkur að ná framförum í leik og námi.

Virðing: Áhersla er lögð á að virðing sé borin fyrir einstaklingnum og að hans hugmyndir, skoðanir og verk séu virt og það leiðir til betri árangurs og sjálfsvirðingar.

Sjálfsþing: Áhersla er lögð á að einstaklingar hafi trú á sjálfum sér og eigin getu sem leiðir til góðs sjálfstrausts. Einstaklingarnir öðlast öryggi til þess að koma skoðunum sínum á framfæri.

Í Rauðaborg eru gildin samofinn öllu daglegu starfi og meðal annars með því að sýna hverju öðru umhyggju, setja sig í spor annarra og veita börnunum öryggi. Starfsfólkið er fyrirmynd barnanna og leggjum við áherslu á að vera glaðlynd, leiðbeina hverju öðru og hlusta á raddir allra og hugmyndir.

2. Hugmyndafræði og sýn leikskólans

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og byrjunin á formlegri menntun. Sá tími sem börnin eru á leikskólaaldri þroskast þau námslega og félagslega. Áherslur í leikskóla eru margar en helst má nefna leikinn, vellíðan, lýðræði og skoðanir barnanna. Mikilvægt er að bæði starfsfólk og börn fái jöfn tækifæri til virkrar þátttöku í leikskólastarfi. Virk þátttaka barna í leikskólastarfi leiðir til betri vellíðunar, styrkir félagslega viðurkenningu þeirra og auðveldar þeim að taka ákvarðanir og koma skoðunum sínum á framfæri. Einnig eiga börn að finna að þau geti haft áhrif á leikskólastarfið og að sjónarmið þeirra séu virt.

2.1 Uppeldisfræðileg stefna

Uppeldisfræðileg stefna Rauðaborgar er byggð á kenningum John Dewey, (1859-1952) “Learning by doing”. John Dewey var áhrifamikill bandarískur heimspekingur og menntunarfræðingur á fyrri hluta 20. aldar. Hann leit svo á að lýðræðislegt einstaklingseðli fengi að njóta sín og að allir hefðu aðgang að upplýsingum, þátttöku í umræðum og fleira. Einnig er mikilvægt að samfélagið (Leikskólinn) sé sameiginlegur vettvangur félagslegrar samvinnu. Mikilvægt er að hlustað sé á hugmyndir allra og að hver einstaklingur læri af eigin mistökum, sannfæringu annarra og velji það besta úr sem hann telur gagnast sjálfum sér í samskiptum og gagnkvæmum hagsmunum.

Í Rauðaborg hafa börnin aðgang að fjölbreyttum efnivið í frjálssa leiknum. Börnin geta valið sér félaga og verkefni eftir áhuga og getu í leiknum. Þeim er frjálst að skipta um leikefni eftir því sem hugurinn girnist. Í aldurskiptu hópastarfi er sérstaklega unnið með vináttu, félagsfærni og samvinnu.

2.2 Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar eru sex talsins; læsi, heilbrigði og velferð, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þættirnir eru settir fram í Aðalnámskrá leikskóla og fléttast þeir inn í allt starf leikskólans. Þættirnir tengjast innbyrðis og eru háðir hverjum öðrum.

„Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það“. (Aðalnámskrá leikskóla 2023)

2.3 Barnasáttmálinn

Barnasáttmálinn er mannréttindasamningur sem flestar þjóðir hafa staðfest. Sáttmálinn er sérstök viðurkenning á því að börn eru fullgildir einstaklingar með sjálfstæð réttindi, það er að segja að þau eiga sín eigin réttindi. Einnig felst í samningum að börn séu sá hópur sem þarfnast sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu. Í leikskólastarfinu er mikilvægt að raddir barna heyrist og að þau séu þátttakendur í allri sinni ákvörðunartöku í leikskólastarfinu. Börn fá að njóta sín sem einstaklingar, fá að hafa áhrif á hvaða viðfangsefni eru í boði, til dæmis í frjálsum leik og að skoðanir þeirra skipti máli.



Greinar sáttmálans eru 54 talsins en þó eru 4 greinar sem eru grundvallarákvæði sáttmálans, þær eru:

2.grein. Jafnræði – bann við mismunun

“Öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana, ætternis, fjötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra”.

3.grein. Það sem barninu er fyrir bestu

“Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Aðildarríki eiga að sjá til þess að stofnanir og þjónusta sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnvöld hafa sett, sérstaklega um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón.

6.grein. Réttur til lífs og þroska

“Sérhvert barn á meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildarríkin tryggja að það megi lifa og þroskast”.

12.grein. Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif

“Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi”. (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna)

3. Starfsþættir og leiðir

Í leikskólastarfi eru ýmsar leiðir til að ná settum markmiðum. Í leikskólastarfinu fer nám barna fram á öllum stundum og þar er átt við í frjálsum leik, skipulögðu starfi og við daglegar athafnir. Í Rauðaborg leggjum við áherslu á hlutverk kennara, frjálsa leikinn, hópastarf, vettvangsferðir og þátttöku barna. Einnig er mikilvægt að það sé fagleg stjórnun. Hér fyrir neðan verður fjallað um hvert atriði fyrir sig og allt starfsfólk og börn koma að einhverju atriði.

3.1 Hlutverk kennara

“Leikskólakennarar skulu vera mótandi í leikskólastarfi, ábyrgð þeirra er að skapa sérhverju barni tækifæri og bestu aðstæður til náms í leik þar sem barnið stjórnar framgangi leiksins. Leikskólakennari skal;

**hafa yfirsýn yfir almenna færni og nám barna og vera leiðandi í að efla nám þeirra með þátttöku í leik*

**vera til staðar, taka þátt í leik barna, styðja við hann og kenna börnum að leika sér ef þess er þörf*

**greina og bregðast við valdaójafnvægi og stöðu barns í leik með öðrum börnum*

**sýna börnum virðingu, tala skýrt og fjölbreytt mál við þau*

**spyrja börn opinna spurninga og hlusta eftir og skrá hvað þau eru að fást við og túlkun þeirra í leik*

**styðja við og efla jákvæð samskipti barna í leik” (Aðalnámskrá leikskóla 2023).*

Kennarinn er faglegur leiðtogi sem gegnir lykilhlutverki í öllu leikskólastarfi. Hlutverk hans er að aðlaga námsvið leikskólans að áhuga barna og hvetja börnin til að kanna, skoða, upplifa og finna lausnir í sínu námsumhverfi. Kennarinn er málfarsleg fyrirmynd og leggur áherslu á íslenskuna sem er tungumál barna í leikskólanum. Hlutverk kennarans er að gefa börnum tækifæri til að efla málfærni sína í daglegu starfi og leik. Með því er átt að eiga samskipti við börnin, lesa bækur, setja orð á alla hluti og athafnir.

Kennarinn þarf að styðja við leik barna og skapa gott svigrúm fyrir sjálfsprottinn leik þeirra. Leikurinn er samskiptaleið barnanna og hlutverk kennara er að hvetja og leiðbeina börnum við að

komast inn í leik eða hefja leik. Börn læra af kennara og skal kennari eiga jákvæð samskipti við börnin og tala skýrt til þeirra. Kennarinn er fyrirmynd barna í samskiptum og læra börnin af honum hvernig skal koma fram við aðra, leysa úr ágreiningi og umgangast ólíka einstaklinga.

Raddir starfsfólks Rauðaborgar:

“Leiðbeina börnunum, vera til staðar fyrir þau, vera með þeim í leik, vera leiðbeinandi, áhorfandi og leikfélagi”, “Vera fyrirmynd, veita öryggi og hlýju”, “Efla jákvæði samskipti”, “koma börnunum í leik og gefa þeim tækifæri til þátttöku í leik bæði úti og inni”, “Hjálpa börnunum að leysa úr ágreiningi”, “Nota opnar spurningar, hjálpa börnunum með skilning og málþroska”, “Vera nálægt börnunum”, “Vera dugleg að tala við börnin”, “Efla sjálfstraust barnanna með því til dæmis að leyfa þeim að prófa smyrja brauðið sitt”, “Sýna börnunum áhuga”, “Hafa yfirsýn”, “Eiga góð samskipti við samstarfsfólk”.



3.2 Frjáls leikur

“Leikur er lífstjáning og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Í leik lærir barn margt sem enginn getur kennt því. Mikið sjálfsnám felst í leik, honum fylgir bæði gaman og alvara”. (Aðalnámskrá leikskóla 2023).

Frjálsi leikurinn er stór partur af daglegu skipulagi í Rauðaborg. Í frjálsa leiknum gefst allskonar tækifæri á því að þróa samskipti barnanna, taka þátt, eiga frumkvæði og skapa ýmsar aðstæður fyrir sjálfsprottinn leik. Börnum gefst tækifæri á því að geta valið sér viðfangsefni þar sem áhuginn liggur og þurfa oftast en ekki að reyna á hugmyndarflugið sitt. Einnig hvetur frjálsi leikurinn börn til þess að hreyfa sig og það styrkir samhæfingu og jafnvægi.

Raddir starfsfólks Rauðaborgar:



”Samvinna og samskipti barnanna”, ”Börnin læri að skiptast á dóti”, ”Umhyggja við hvert annað og sýna frumkvæði”, ”Börnin læri að takast á í samskiptum og leysi sjálf úr ágreiningi”, ”Börnin læri að ganga frá eftir sig, kenna þeim að taka ábyrgð á því dóti sem þau eru að leika með”, ”Börnin megi hafa frumkvæði að velja hvað þau vilji leika með”, ”Kennarar hjálpi börnunum til að byrja leikinn eða komast inn í leikinn”, ”Kennari grípi inn í ef eitthvað fer úrskeiðið í leiknum”, ”Passa að hafa ekki of mörg börn á sama svæði”, ”Börn skilja oft betur önnur börn sem eru óskýrmælt, sem eykur sjálfstraust hjá því barni og leiðir oft til betri málþroska”

3.3 Hópastarf

Hópastarf fer fram í litlum hópum og kennari stjórnar því hvaða verkefni eru hverju sinni. Mikil samskipti fara fram í hópastarfi og þar læra börnin að virða skoðanir annarra og einnig koma skoðunum sínum á framfæri. Oftar en ekki eru börnin að vinna að sama markmiði og samvinna skapast sem styrkir tengsl og sjálfsmýnd þeirra. Hópurinn styrkist og verður til sterk samheldni sem leiðir til sterkrar ábyrgðar gagnvart öllum í hópnum og að bera virðingu hvert fyrir öðru. Aðal markmiðið er þó að hafa gaman, vera í hópi og að börnin sjái framfarir hjá sjálfum sér. Hópastarf í Rauðaborg fer fram einu sinni til tvisvar í viku.





Raddir starfsfólks Rauðaborgar:

*“Börnin fá að njóta sín með því að hafa fáa í hverjum hóp”,
 “Börnin vinna verkefni og markmiðið er að klára verkefni”,
 “Hópastarf er stýrt af kennara”, “Hópastarf er róleg stund þar
 sem börnin upplifi frið og ró til að vinna verkefni”, “Börnin klári
 verkefni á sínum forsendum”, “Kennari fylgist með þroska hvers
 og eins”, “Auka úthald í leik”, “Börnin æfi að nota
 hugmyndaflugið sitt”.*

3.4 Vettvangsferðir

Vettvangsferðir er partur af leikskólastarfi sem brýtur upp daginn og er spennandi. Vettvangsferðir krefjast skipulags og fer eftir því hvort ferðin er í hverfinu eða út fyrir hverfið hversu mikið skipulag þarfnast. Þegar farið er í ferðir í nær umhverfi er hægt að gera það með litlum fyrirvara en það þarf að taka tillit til aldurs og getu barnanna. Til að byrja með er farið í ferðir í nærumhverfi til að börnin verði örugg að fara út fyrir leikskólalóðina en svo þegar börnin verða eldri er farið í lengri vettvangsferðir eins og til dæmis leikhús, húsdýragarðinn, bæjarferðir, söfn og fleira.

Vettvangsferðir gera kröfur á börnin eins og að fylgja fyrirmælum og hlusta á kennarana. Ferðirnar víkka sjóndeildahringinn og þau kynnast sínu nærumhverfi. Í Rauðaborg er alltaf markmið að fara í fleiri heldur en færri ferðir og styðja kennara leikskólans í því að fara í styttri ferðir og öðlast öryggi til þess að fara með barnahópin út fyrir leikskólalóðina.

Raddir starfsfólks Rauðaborgar:

*“Treysta umhverfinu”, “Fara eftir reglum og fylgja
 fyrirmælum”, “Börnin hlusti á kennarann”, “Börnin fá
 leiðbeiningar um hvert er verið að fara”, “Börnin læri
 að taka ábyrgð á hvoru öðru”, “Fjölbreytni”, “Víkka
 sjóndeildahringinn”.*



3.5 Þátttaka barna

Í Rauðaborg er þátttaka barna mikilvæg því raddir barna skipta máli þegar kemur að leikskólastarfi. Starfsfólk þarf að vera til staðar fyrir börnin og bera umhyggju fyrir þeim. Á hverjum degi er lagt upp úr því að börnin hafi áhrif á daginn sinn með því að starfsfólk noti virka hlustun og börnin fái að segja sína skoðun. Þó svo að allar langanir barnanna séu ekki uppfylltar þá skiptir miklu máli að það sé hlustað á þau og að setja sig í spor þeirra. Við leggjum upp með að virða skoðanir og hugmyndir barnanna þannig að þau upplifi sig gildandi og hafi rödd sem er hlustað á. Spurningar voru lagðar fyrir elsta árgang Rauðaborgar: „Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í Rauðaborg“ og „Er eitthvað sem þér finnst vanta í Rauðaborg“?

Raddir barna í Rauðaborg:

„Leika með plúskubbana“, „Úti að leika“, „Að teikna“, „Að fara í feluleik“, „Það vantar fleiri bíla“. „Það er gaman að leika við vini sína“, „Veit ekki alveg“.

3.6 Stjórnun

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskólans og ber ábyrgð á því að stjórna leikskólanum. Leikskólastjórinn hefur mörgum hlutverkum að gegna s.s. að skipuleggja starfið, vera stjórnandi, taka ákvarðanir varðandi starfið og fleira. Hann er einnig faglegur leiðtogi og gegnir starfsmannastjórnun. Í Rauðaborg er lögð áhersla á að stjórnunin snúist um samvinnu og samskipti svo starfið gangi sem best. Áherslurnar eru einnig þær að stjórnunin sé skýr, einkennist af hlýju, sveigjanleika, hvatningu og trausti. Við í Rauðaborg viljum að starfsfólk eigi opin samskipti, treysti hverju öðru og vinni saman.

Stjórnendateymið í leikskólanum samanstendur af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildastjórum og sérkennslustjóra.

Deildastjórar bera einnig ábyrgð á faglegri stjórnun í leikskólastarfinu. Þeir vinna faglega og eru leiðtogar þess að mannauðurinn sé vel nýttur. Þeir bera ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd starfsins innan deildarinnar og gefi starfsmönnum sínum tækifæri til þess að bæta við þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun.

4. Námssvið Aðalnámskrár leikskóla

Aðalnámskrá leikskóla er samræmdur leiðarvísir allra leikskóla. Allir leikskólar vinna að sömu markmiðum en fara mismunandi leiðir.

4.1 Læsi

„Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á “ (Aðalnámskrá leikskóla 2023)

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra og nota þau ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti. Þegar börn eru í leik eflist hæfileiki þeirra til samskipta og málproski þeirra eykst, þau nota tungumálið á fjölbreyttan hátt og tjá hugmyndir sínar. Læsi í viðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta og er tungumálafærni undirstaða þess að börn geti tjáð sig og tekið virkan þátt í leikskólastarfinu.

Í Rauðaborg eru ýmsar athafnir þar sem læsi og samskipti skipta sköpum eins og til dæmis í málörvun, í frjálsa leiknum og í skipulögðum stundum. Málörvun fer fram í öllu starfi í leikskólanum hvort sem það er í skipulögðum stundum, í frjálsa leiknum eða annars konar samskiptum. Bækur eru til dæmis alltaf aðgengilegar fyrir börnin og starfsfólk les fyrir börnin á hverjum degi. Í lestrarstundum skapast umræður og samskipti milli allra, barna og starfsfólks. Í frjálsa leiknum eflist félagsfærni barnanna þar sem börnin skiptast á skoðunum, eiga samræður og samskipti. Þar fær einnig hugmyndarflug barnanna að njóta sín, þau fá að tjá sig á fjölbreyttan hátt, koma skoðunum sínum á framfæri og efla sjálfstraust sitt.



4.2 Heilbrigði og velferð

„Öll börn eiga rétt á að læra og þroskast í öruggu umhverfi þar sem þeim er mætt af virðingu. Heilbrigði grundvallast á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Leikur styrkir heilbrigði barna, þau eru ólík og hafa mismunandi þarfir sem mikilvægt er að komið sé til móts við í leikskólastarfi. Leikur þarf að fá að ögra og örva hreyfifærni barna innan sem utandyra. Nauðsynlegt er að börn fái tækifæri til hvíldar yfir daginn. Einnig að börn fái fjölbreyttan, góðan og næringarríkan mat í leikskóla“ (Aðalnámskrá leikskóla 2023)

Rauðaborg er heilsueflandi leikskóli og er markmið leikskólans að stuðla að almennu heilbrigði og vellíðan barna. Í leikskólanum læra börnin að tileinka sér heilbrigða lífshætti, hreinlæti, hreyfingu, hvíld og hollt mataræði.

Í Rauðaborg er lögð áhersla á vellíðan hvers barns. Mikilvægt er að taka vel á móti hverju barni í byrjun dags og að það finnist því velkomið í leikskólann. Börn læra almenna kurteisi og borðsiði á matmálstímum þar sem þau fá næringarríkan og hollan mat á hverjum degi. Eitt af því sem lagt er upp með er hreinlæti. Að gæta hreinlætis minnkar líkurnar á smithættu og veikindum. Börnin tileinka sér að þrifa hendur eftir útiveru og fyrir matmálstíma. Hvíld og slökun eru líka mikilvægar stundir í leikskólanum þar sem yngstu börnin sofa en þau eldri njóta rólegrar samveru eftir hádegismat. Síðast en ekki síst skiptir hreyfingin gríðarlega miklu máli. Börnin fara út einu sinni til tvisvar á dag. Börn hafa mikla þörf fyrir hreyfingu sem þjálfar bæði skynfæri og eflir samhæfingu. Gönguferðir og frágangur í fataklefa eru einnig hluti af hreyfingu barna. Í fataklefanum eflist líkamleg færni þeirra til dæmis í að klæða sig í og úr.



4.3 Sjálfbærni

„Þegar unnið er að sjálfbærni þarf að huga að samþættingu umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Undirstaða sjálfbærrar þróunar í leikskóla er að börn læri að þykja vænt um hvert annað, umhverfi sitt og náttúruna. Börn læra lýðræði með því að iðka það í daglegu starfi, finna eigin styrkleika í að tilheyra og vera þátttakandi í hóp, sjá og skilja þætti frá sjónarmiði annarra, sem er mikilvægur þáttur í lýðræði“ (Aðalnámskrá leikskóla 2023).

Í Rauðaborg er mikið af efnivið sem er bæði notaður innan- og utandyra. Hann er notaður í að gera starfið skapandi og að börnin beri virðingu fyrir efniviðinum með því að fara vel með hann, ganga frá honum eftir leik bæði innan- og utandyra. Í frjálsum leik er börnum boðið upp á fjölbreyttan efnivið þar sem hann hvetur þau til að kynnst og þekkja eiginleika ýmissa hluta eða efna til dæmis pappír, seglar, leir, vatn og fleira.

Rauðaborg er Grænánaskóli og er mikil áhersla lögð á flokkun í leikskólanum. Á hverri deild eru ílát sem eru merkt með „plast“, „pappír“ og „almennur úrgangur“ og börnin eru dugleg að flokka sjálf og fylgjast með því hvort það sé flokkað rétt.

Vettvangsferðir er partur af sjálfbærni í leikskólanum þar sem börnin læra að þykja vænt um umhverfið sitt og náttúruna. Börnin fara í gönguferðir í nærumhverfi sínu þar sem þau fá tækifæri til að skoða, gera tilraunir og vinna með ýmsan efnivið s.s. snjó, málningu, laufblöð, mold og fleira.



4.4 Lýðræði og mannréttindi

Lýðræði og mannréttindi eru mjög mikilvægur partur af leikskólastarfinu. Það er mikilvægt að það sé borin virðing fyrir manngildi hvers og eins. Einnig að það sé borin virðing fyrir heilbrigði barna innan leikskólans, hæfileikum þeirra og þroska hvers og eins. Umhyggja fyrir öllu starfsfólki og börnum er hluti af lýðræðis- og mannréttindamenntun. Menningarheimurinn okkar er ólíkur og þá er mikilvægt að virðing, umhyggja og hlýja sé til staðar.

4.5 Jafnrétti

„Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismunar sumra og forréttinda annarra“ (Aðalnámskrá leikskóla 2023).

Í Rauðaborg skiptir jafnrétti mjög miklu máli þar sem börn, foreldrar og starfsfólk eru fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans. Það er öllum sýnd virðing og umhyggja og að engir tveir einstaklingar séu eins. Fjölbreytileikinn er styrkleiki í leikskólaumhverfinu og vinátta og virðing er undirstaða jafnréttis.

4.6 Sköpun

„Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna geta notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess“ (Aðalnámskrá leikskóla 2023).

Í Rauðaborg er lögð áhersla á skapandi leikskólastarf og að það sé sveigjanlegt þar sem skapandi leikur er í forgrunni. Börn eiga að fá að hafa áhrif á leikskólastarfið og taka virkan þátt. Með því styrkist sjálfsmynd og félagsfærni þeirra. Leikurinn er kjörið tækifæri þar sem sköpunargleði barna

skín og þau fá að hafa frjálsar hendur í því að skapa sitt umhverfi. Börnin eiga alltaf greiða leið að fjölbreyttum efnivið til að skapa einhverja nýjung eða halda áfram með það sem þau höfðu áður gert.

Í leikskólanum gefst einnig tækifæri á sköpun í gegnum myndlist, tónlist, dans og fleira. Fjölbreyttur efniviður eins og sandur, steinar, skeljar, pappír og annað eykur sköpunargleði barna og þau hafa oft en ekki frjálst val á þeim efnivið sem þeim lýst best á.

Kosturinn við sköpun í leikskólastarfi er að börnin upplifi trú á eigin getu, finni til ánægju og gleði, njóti sín og skapi út frá eigin ímyndun.



5. Leikurinn sem námsleið

Leikurinn er meginnámsleið barna í leikskólum og skal vera þungmiðja leikskólastarfsins. Í leik geta börnin haft frumkvæði, tekið að sér hlutverk, skapað sér ímyndaðar aðstæður, notað fjölbreyttan efnivið og haft sínar eigin reglur. Í aðalnámskrá leikskóla kemur fram að: „Sjálfsprottinn leikur er námsleið ungra barna og skal því vera meginnámsleið í leikskóla. Leikur sem er sjálfsprottinn greinist frá öðru atferli í því að hann er leiddur af börnum; þau ákveða sjálf að leika, hvar og hvernig hann fer fram og um hvað þau leika” (Aðalnámskrá leikskóla 2023).

Í leiknum eflast börn í samskiptum, félagsfærni, að eiga frumkvæði og standa með sjálfum sér. Einnig læra börn mikilvægi umhyggju, samvinnu og virðingar. Í Rauðborg leggjum við áherslu á að leikurinn fari fram bæði úti og inni þar sem umhverfið inni og úti er ólíkt og skapast rými fyrir ímyndunaraflið að sjálfsprottnum leik. Í starfinu er notast við opinn efnivið eins og kubba, vatn, liti, málningu, skæri, leir og fleira. Opinn efniviður krefst hugmyndaflugs barna þar sem hann býður ekki upp á fyrirfram ákveðnar lausnir.



Leikurinn er rauði þráðurinn í leikskólastarfi Rauðaborgar og er mikilvægt að leikurinn fái nægan tíma í dagskipulagi og að starfsfólk sé meðvitað hvenær og hvernig skal hafa afskipti af leiknum. Kennari getur verið leikfélagi, leiðbeinandi eða áhorfandi í leik og það fer eftir aðstæðum hvaða hlutverk kennari tekur að sér.

6. Mat á námi og velferð barna

“Mat á leik, námi og velferð barna í leikskóla skal taka mið af áhuga, getu og hæfni þeirra. Mat á meðal annars að efla sjálfsmynd barns og trú þess á eigin getu, ásamt því að stuðla að jafnrétti til menntunar. Upplýsingum er reglulega safnað á markvissan og fjölbreyttan hátt; um það sem börnin hafa áhuga á, hvað þau fást við og hvað þau geta, í þeim tilgangi að efla nám og velliðan þeirra. Matsferli á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans, byggjast á leik barna sem námsleið þeirra og endurspegla markmið leikskólastarfsins og skólanámskrá leikskólans”
(Aðalnámskrá leikskóla 2023).

Eins og hefur komið fram er leikurinn aðal námsleið barna í leikskóla og þarf hver leikskóli að þróa sínar matsaðferðir þar sem nám barna er metið. Í Rauðaborg er mat á námi bæði einstaklingsmiðað og hópmiðað.

Í einstaklingsmiðuðu mati í Rauðaborg er meðal annars lögð áhersla á:

- Að barni líði bæði vel andlega og líkamlega
- Færni barns í daglegum athöfnum í leikskólanum
- Sjálfstæði og frumkvæði barna
- Tjáning og samskipti
- Þátttaka í leik bæði inni og úti

Í hópmiðuðu mati í Rauðaborg er meðal annars lögð áhersla á:

- Þátttöku og samskipti barna í leik eða hópavinnu
- Stöðu barna innan hópsins
- Þróun leiksins í barnahópnum
- Hugmyndir, áhuga og sjálfstæði barna

Í Rauðaborg er svokölluð ferilmappa fyrir hvert barn. Í hana fara ýmis verkefni sem barnið hefur gert. Verkefnið geta verið allskonar eins og til dæmis teikningar, samtal við barn, hópmynd af deildinni, hæð barnsins mæld, fjölskyldan og fleira. Deildastjórar fylgjast einnig með börnunum og hvort þurfi að grípa inn í með einhverskonar einstaklingsmarkmiðum eða áætlum.

Mat á námi barna fer einnig fram með skimunartækjum. Í Rauðaborg er notast við HLJÓM-2, EFI og Íslenska þroskalistann. Einnig er TRAS nýtt þegar barn þarf á stuðningi að halda. Matstækin gera okkur kleift að fylgjast með þroska, framförum og fleira. Einnig má ekki gleyma því að viðtöl við foreldra og gott samstarf gerir leikskólanum auðveldara fyrir að meta hvert barn fyrir sig. Á hverju ári fara fram foreldraviðtöl þar sem rædd eru hin ýmsu mál sem snúa að barninu. Í Rauðaborg vinnur einn sérkennslustjóri sem heldur utan um, skipuleggur og vinnur með börn sem þurfa sérstakan stuðning.



6.1 Sérkennsla

“Barn með sérþarfir er barn sem taka verður sérstakt tillit til í leikskólanum vegna fötlunar, þroska frávika eða félagslegra og tilfinningalegra erfiðleika. Hér er bæði átt við börn sem eiga við langvarandi erfiðleika að etja og börn sem ætla má að vinni bug á erfiðleikum sínum eftir íhlutun. Sérhvert barn þarf að fá viðfangsefni við sitt hæfi. Ætíð skal gæta þess að jafnvægi og jafnrétti ríki í barnahópnum og í samskiptum barnanna. Miða skal leiðsögn og stuðning við þarfir barnsins og vinna í nánu samstarfi við foreldra. Stefnt skal að því að þörfum barns fyrir sérkennslu sé mætt innan barnahópsins, þess sé gætt að barnið einangrist ekki og aðlagist vel barnahópnum, njóti eðlilegra tengsla og að leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið barnsins”
(sérkennslustefna leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, 2009)

Í Rauðaborg er barnahópurinn fremur lítill miðað við marga leikskóla. Lögð er áhersla á að vera með snemmtæka íhlutun og bregðast strax við ef barn sýnir einhver merki þess að þurfa á

sérstökum stuðningi að halda. Markmiðið með stuðningi er sá að barnið dafni og þroskist og ekki síst geti tekið virkan þátt í leikskólastarfinu. Í Rauðaborg er lögð áhersla á að barn sem þarf sérstakan stuðning fái hann sem mest innan barnahópsins þar sem barnið tilheyrir hópi og allir kennarar bera ábyrgð á börnunum á deildinni. Leikurinn er sá þáttur sem hefur mest örvandi áhrif á barn og það lærir best í gegnum hann.

Sérkennslustjóri sinnir börnum með sérþarfir og býr til einstaklingsnámskrár í samvinnu við þá stuðningsaðila sem sjá um barnið. Börn með sérþarfir eru oft í einstaklingsvinnu þar sem unnið er með hegðun, félagsþroska, skilning, framburð, málþroska og fleira. Farið er eftir einstaklingsnámskrá barnsins og hún nýtt sem leiðarvísir í námi barnsins með sérþarfir. Einstaklingsnámskrá er uppfærð eftir því hvernig gengur og er lögð fyrir á teymisfundum innan leikskólans. Á teymisfundum er farið yfir stöðu barnsins, framfarir og áframhaldandi vinnu. Þar sitja deildastjórar, leikskólastjóri, stuðningsaðilar og sérkennslustjóri og þeir eru haldnir á fjögurra vikna fresti. Foreldrar eru upplýstir ef stjórnendur hafa áhyggjur og telji að það þurfi að grípa inn í samstarf milli leikskóla og foreldra. Lausnateymisfundir eru stærri fundir þar sem koma inn ráðgjafar frá þjónustumiðstöðinni okkar. Sálfræðingar, félagsráðgjafi, sérkennsluráðgjafi og hegðunarráðgjafi sitja fundina ásamt tengiliðum leikskólans.

Á teymisfundum er barnið alltaf haft að leiðarljósi þar sem allir aðilar vilja finna sem bestu lausn og verkefni til þess að barni nái að líða vel andlega og líkamlega og dafni í sínu lífi.

7. Fjölskyldan og leikskólinn

“Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna” (Aðalnámskrá leikskóla 2023).

Í Rauðaborg er lögð áhersla á jákvæð og uppbyggileg samskipti við foreldra. Samstarf foreldra og starfsfólks er lykillinn að vellíðan barna í leikskólanum og samstarfið einkennist af virðingu og trausti. Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann og dagleg samskipti við foreldra eru mikilvæg. Þau fara helst fram þegar barnið mætir í leikskólann og þegar foreldrar sækja börnin í lok dags.

Í upphafi leikskólagöngu er foreldrakynning á leikskólanum og ný börn byrja í aðlögun. Foreldrar nýrra barna mæta í fyrsta viðtal og deildastjóri fyllir út upplýsingablað í samráði við foreldra.

Í Rauðaborg er aðlögun þannig að foreldrar mæta með barninu í stutta stund fyrsta daginn og svo minnkar viðvera foreldra í samráði við deildastjóra þar til barnið er orðið öruggt í leikskólanum án foreldra.

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar sinnum á ári, að hausti og vori, nema hjá yngstu börnunum í leikskólanum. Í viðtalinu er farið yfir upplýsingar bæði frá foreldrum og deildastjóra varðandi barnið, líðan barnsins í leikskólanum, samskipti og fleira sem þarf að ræða.

Foreldraráð er starfandi í leikskólanum og er það skipað a.m.k. þrem foreldrum. Á hverju hausti er óskað eftir meðlimum í foreldraráðið og ráðið er starfandi í eitt ár í senn. Ráðið hefur það hlutverk að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir, fylgjast með framkvæmd áætlana og hefur það umsagnarrétt um allar þær breytingar sem verða á leikskólastarfinu.

Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum og er því stjórnað af fjórum til fimm foreldrum. Félagið heldur utan um ýmsar upptökur sem börn og foreldrar taka þátt í. Hér er m.a. átt við sumarhátíð, samverustundir utan leikskólatíma og taka þátt í kostnaði með leikskólanum varðandi skemmtanir á leikskólatíma.



8. Tengsl skólastiga

“Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni foreldra og kennara beggja skólastiga þar sem velferð barnsins er í brennidepli”. Farsæll flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla felur einnig í sér undirbúning og aðlögun. Leikskólabörn þurfa að fá tækifæri til að kynnast væntanlegum grunnskóla á meðan þau eru enn í leikskóla og líta skal á fyrstu vikur grunnskólagöngunnar sem tímabil aðlögunar og undirbúnings” (Aðalnámskrá leikskóla 2023).

Samstarf Rauðaborgar og Selásskóla hefur verið í mikilli þróun síðustu ár og er kominn festa í það samstarf. Markmið með samstarfinu er að auðvelda börnunum að flytjast á milli skólastiga og að umhverfi grunnskólans sé kynnt fyrir þeim.

Í samstarfinu milli leikskóla og grunnskóla eru þrír leikskólar og einn grunnskóli, Selásskóli. Þeir leikskólar sem eru í samstarfinu eru Rauðaborg, Heiðarborg og Blásalir. Heimsóknir milli þessara leikskóla og grunnskóla eru gagnkvæmar á hverju skólaári. Áætlunargerð vegna samstarfsins er gerð ár hvert

- Skólastjórnendur og deildastjórar samstarfsskólanna (Rauðaborg, Heiðarborg og Blásalir) hittast að hausti til og meta og skipuleggja samstarfið fyrir veturinn.
- Nemendur úr 1.bekk heimsækja leikskólana að hausti en leikskólarnir heimsækja grunnskólann að vori. Leikskólabörn fara með nesti yfir í grunnskólann og taka þátt í tveimur kennslustundum og frímínútum. Þetta hefur alltaf vakið mikla lukku og gleði.
- Yfir veturinn fara leikskólabörn í nokkrar heimsóknir í grunnskólann og heimsækja ýmist bókasafn, frístundaheimili, íþróttatíma eða almenna kennslustund.
- Skilafundir eru að vori þar sem deildastjórar hitta sérkennara, umsjónarkennara og forstöðumann frístundaheimilis og farið er yfir allan barnahópinn sem mun flytjast yfir í grunnskólann.
- Upplýsingarnar sem fylgja börnunum milli skólastiga eru almennar upplýsingar um barnið, styrkleika þeirra, vinatengsl og aðrar mikilvægar upplýsingar. Einnig fylgja niðurstöður úr Hljóm-2 prófunum. Allir foreldrar eru vel upplýstir um hvaða gögn fylgja börnunum á milli skólastiga.
- Kennarar úr Selásskóla geta leitað til leikskólakennara og sérkennslustjóra að hausti til þess að geta stutt betur við nemendur í upphafi skólagöngu sinni.

9. Samstarfsaðilar

Í daglegu lífi barns er mikilvægt fyrir barn að þekkja umhverfið sitt og samfélag. Að vita hvað umhverfið og samfélagið hefur uppá að bjóða skiptir máli og með því erum við að auka vellíðan barnanna, vitund og námsárangur í hverfinu sínu.

Samstarf leikskólans og stofnana/fyrirtækja er mjög mikilvægt og er oftar en ekki í tengslum við menningarviðburði eða ákveðin verkefni sem leikskólinn tekur þátt í. Hér fyrir neðan má sjá helstu stofnanir eða fyrirtæki:

- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kemur og heimsækir elsta árgangs leikskólans og veitir þeim fræðslu um eldvarnir
- Umferðaskólinn er hvert ár með umferðafræðslu fyrir elstu börn allra leikskóla í hverfinu
- Sinfóníuhljómsveit Íslands býður elsta árgangi leikskólans á hverju ári á tónleika
- Tónskóli Sigursveins hefur verið í samstarfi við leikskóla Reykjavíkur þar sem börnin æfa fyrir Barnamenningarhátíð í apríl Hörpu ár hvert. Börnin fara einu sinni í Tónskólann og æfa sig með öðrum leikskólum fyrir hátíðina.
- Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið bjóða ár hvert, elsta árgangi leikskólans á leiksýningu og er mismunandi hvaða leiksýningu er boðið uppá.
- Á milli ára er mismunandi hvaða söfn eru heimsótt og fer það eftir áhugasviði barnanna eða þeim viðfangsefnum sem verið er að vinna með hverju sinni. Þau söfn og staðir sem eru heimsótt oftast eru Árbæjarsafn, Perlan og Þjóðminjasafn Íslands.
- Borgarbókasafnið í Árbæ býður upp á sögustundir fyrir leikskólabörn yfir vetrartímann.



Yfir leikskólaárið eru hinar ýmsu hátíðir sem haldið er uppá í leikskólanum og í tengslum við þær verður til samstarf við margs konar aðila eins og til dæmis leikara og skemmtikrafta.

Þessar hátíðir eru m.a:

- Jólin
- Þorablót
- Hrekkjavaka
- Bóndadagur
- Konudagur
- Bolludagur
- Sprengidagur
- Öskudagur
- Sumarhátíð leikskólans
- Útskrift elstu barnanna
- Bangsadagur, náttfatadagur, litadagur
- Afmæli barnanna



10. Mat á skólastarfi

“Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskóalbarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat” (Aðalnámskrá leikskóla 2023).

Námsmat

Mat á námi og velferð barna er gert með að afla upplýsinga, með málþroskaskimun og samtölum. Málþroskaskimunarlistarnir eru EFI-2 og HLJÓM-2. EFI-2 er lagt fyrir börn á fjórða ári en HLJÓM-2 er lagt fyrir börn á sjötta ári. Þroski og velferð barna er metinn með samtölum kennara á deildafundum, deildastjórafundum og á fundum með þjónustumiðstöð hverfisins. Einnig eru tekin regluleg samtöl við foreldra barna um framgang náms og velferð þeirra.

Einstaklingsmiðað mat barna fer fram í foreldraviðtölum þar sem deildarstjóri ræðir við foreldra um framgöngu barnsins og fara slík viðtöl fram einu sinni til tvisvar á hverju leikskólaári. Hópamiðað mat fer fram á deildafundum, deildastjóra- og starfsmannafundum.

10.1 Innra mat

Í Rauðaborg fer fram reglulegt endurmat á starfi leikskólans. Við leikskólann er starfandi matsteymi sem skipað er af skólastjórnendum, tveim kennurum og einu foreldri. Teymið fundar reglulega á sex til átta vikna fresti. Einnig fer matið fram á skipulagsdögum og deildafundum. Foreldrar taka þátt í að meta starfið, bæði í foreldraviðtölum sem fara fram einu sinni til tvisvar á hverju skólaári og í daglegum samskiptum. Foreldrar taka einnig þátt í foreldrakönnunum sem SFS leggur fyrir. Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi og foreldraráðið les til dæmis yfir starfsáætlanir og metur þær.

Þátttaka barna í endurmati á starfi fer fram meðal annars í daglegum samskiptum, t.d. við matarborðið, í samverustundum og í leik bæði inni og úti.

Starfsáætlun Rauðaborgar er gefin út á hverju ári þar sem sett er fram áætlun um innra mat og hvað á að meta fyrir næsta ár. Í starfsáætlun er starfið einnig endurmetið og hvað mætti gera betur.

10.2 Ytra mat

Skóla- og frístundasvið hefur eftirlit með leikskólum Reykjavíkurborgar og felur eftirlitið í sér að kanna hvort skólarnir starfi samkvæmt lögum leikskóla, reglugerðum, aðalnámskrá og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Ytra matið er unnið af SFS, Menntamálastofnun eða öðrum utanaðkomandi aðila. SFS sendir út viðhorfskannanir bæði fyrir kennara og foreldra á hverju ári.

“Við ytra mat má styðjast við margs konar upplýsingar t.d. um innra mat, mat á skólanámskrá og starfsáætlun skóla, framkvæmd skólustefnu sveitarfélagsins, tölulegar upplýsingar og önnur gögn eftir því sem við á” (Aðalnámskrá leikskóla 2023).

10.3 Mat á leikskólastarfi

Hér fyrir neðan má sjá innra mats áætlun Rauðaborgar. Í Rauðaborg er matsteymi sem sér um að framkvæma innra matið.

Matsáætlun Rauðaborgar 2025 - 2030

Viðfangsefni	2025-26	2026-27	2027-28	2028-29	2029-30
Stjórnun					
Stjórnandi sem faglegur leiðtogi		X		X	
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	X	X	X	X	X
Faglegt samstarf	X		X		X
Leikskóla – og starfsþróun	X	X	X	X	X
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	X	X	X	X	X

Viðfangsefni	2025-26	2026-27	2027-28	2028-29	2029-30
Uppeldis og menntunarstarf					
Skipulag náms og námsaðstæður	X	X	X	X	X
Uppeldi, menntun og starfshættir	X	X	X	X	X
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	X	X	X	X	X
Námssvið leikskólans	X	X	X	X	X
Leikskóli án aðgreiningar	X	X	X	X	X
Mat á námi og velferð barna	X	X	X	X	X

Viðfangsefni	2025-26	2026-27	2027-28	2028-29	2029-30
Mannauður					
Hlutverk starfsfólks	X	X	X	X	X
Fagmennska starfsfólks	X		X		X
Starfsánægja	X	X	X	X	X

Viðfangsefni	2025-26	2026-27	2027-28	2028-29	2029-30
Leikskólabragur					
Viðmót og menning		X		X	
Velferð og líðan barna	X	X	X	X	X
Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu og upplýsingamiðlun	X	X	X	X	X
Viðhorf foreldra	X	X	X	X	X

Viðfangsefni	2025-26	2026-27	2027-28	2028-29	2029-30
Innra mat					
Framkvæmd	X	X	X	X	X
Gagnöflun og vinnubrögð	X	X	X	X	X
Opinber birting og umbætur	X	X	X	X	X